

**Nd.**

## **209. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 50 31. maí 1927, og lögum nr. 70 28. desember 1934, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

### **1. gr.**

Í stað ákvæðanna í 2. gr. laga nr. 50 31. maí 1927, um gjald af innlendum tollvörutegundum, og í 1. gr. laga nr. 70 28. des. 1934, um breyting á þeim lögum, komi svo hljóðandi ákvæði:

Fyrir tollvörutegundir, sem tilbúnar eru hér á landi, skal greiða gjald í ríkissjóð, er miða skal við aðflutningsgjaldið á hverri tollvörutegund eftir tolllögum þeim, er gilda hverju sinni, þannig:

1. Fyrir gosdrykki,  $\frac{1}{3}$  aðflutningsgjalds.
2. a. Fyrir öl, nema maltöl,  $\frac{1}{3}$  aðflutningsgjalds.  
b. Fyrir maltöl,  $\frac{1}{6}$  aðflutningsgjalds.
3. Fyrir óáfeng vín,  $\frac{1}{2}$  aðflutningsgjald.
4. Fyrir aldinsöft, limonaðisöft, litað sykurvatn með kjörnum og aðra slíka drykki og vökva,  $\frac{1}{3}$  aðflutningsgjalds.
5. Fyrir tóbaksvindla og tóbaksvindlinga,  $\frac{1}{2}$  aðflutningsgjald.
6. Fyrir kaffibæti og kaffilíki,  $\frac{1}{3}$  aðflutningsgjalds.
7. Fyrir sætindi, svo sem brjóstsykur, karamellur, lakkrís og lakkrísvörur, mótað sætt marsipan, sykraða ávexti, sætar brenndar möndlur, tyggigúmmi, átsúkkulaði, rjómasúkkulaði, mjólkursúkkulaði (nýmjólkursúkkulaði), undanrennusúkkulaði, súkkulaðihúðað munngæti (t. d. kremsúkkulaði, krókantsúkkulaði, marsipansúkkulaði, nógatsúkkulaði og konfekt), ávaxtasúkkulaði, hnotsúkkulaði, möndlusúkkulaði, rjómasúkkulaðihúð og mjólkursúkkulaðihúð, kókosbollur, „negrakossa“ og rjómalengjur,  $\frac{1}{2}$  aðflutningsgjald.
8. Fyrir allar tegundir af hreinu súkkulaði, t. d. suðusúkkulaði, iðnsúkkulaði og súkkulaðihúð, aðrar en þær, sem falla undir 7. tölulið þessarar greinar,  $\frac{1}{2}$  aðflutningsgjald.

Verði ágreiningur um það, hvaða vörur skuli taldar og ekki taldar til framangreindra tollflokka, fellir fjármálaráðherra um það fullnaðarúrskurð.

### **2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.